

Frístundastyrkur fyrir börn og ungmenni í Borgarbyggð

Borgarbyggð styrkir frístundaiðkun barna og ungmenna á aldrinum 6-18 ára með framlagi að upphæð kr. 20.000 á ári. Greitt er tvisvar á ári, kr. 10.000 eru greiddar í janúar fyrir vorönn og kr. 10.000 í ágúst fyrir haustönn. Markmið framlagsins er að hvetja börn og ungmenni til að taka þátt í frístundastarfi í Borgarbyggð.

Hægt er að nýta frístundastyrk í:

- skipulagt frístundastarf í Borgarbyggð sem stundað er undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda samfellt í amk. 10 vikur. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, skátastarf og annað reglubundið frístundastarf,
- íþrótt- og tómstundanámskeið barna í 1. og 2. bekk sem skráð eru í íþrótt- og tómstunaskólann,
- árskort/sundkort fyrir ungmenni eldri en 16 ára,
- nám í tónlistarskóla sem er samfellt í 10 vikur.

Úthlutun frístundastyrksins fer fram á íbúagátt Borgarbyggðar og í gegnum skráningarkerfið Nóra vegna starfs hjá félögum UMSB. Bæði er hægt að nýta styrkinn beint hjá félögum innan Borgarbyggðar sem og í öðrum sveitarfélögum. Þegar frístundastyrkurinn er nýttur í gegnum skráningarkerfi Nóra þarf að haka í kassann "Nota frístundastyrk Borgarbyggðar" og þá lækkar upphæð æfingagjalda um þá upphæð sem nemur inneign frístundastyrks fyrir barnið.

Í öllum tilfellum byrjarðu á að skrá þig inn á íbúagátt Borgarbyggðar. Ef þú átt ekki lykilorð skráirðu kennitöluna þína í reitinn Nýskráning og færð lykilorð sent í heimabankann þinn.

Samþykkt á fundi fræðslunefndar Borgarbyggðar 14. nóvember 2016

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar 8. desember 2016